



## Alþýðusamband Íslands

Til landssambanda og  
aðildarfélaga innan ASÍ

26. júní 2014

### Efni: 41. þing ASÍ 22. - 24. október 2014

Sambandsþing Alþýðusambands Íslands verður haldið dagana 22. - 24. október nk. á Hótel Nordica, Reykjavík. Þingið hefst 22. október kl. 10 og því líkur síðdegis 24. október.

#### Málafni fyrir þingið skv. ákvörðun miðstjórnar ASÍ

Í samræmi við ákvörðun miðstjórn Alþýðusambands Íslands frá 26. febrúar sl. um viðfangsefni 41. þings ASÍ afgreiddi miðstjórn á fundi sínum 18. júní sl. gögn til útsendingar til aðildarfélaganna vegna undirbúnings fyrir þingið.

Áður hefur miðstjórn ASÍ samþykkt það verklag vegna undirbúnings málefna fyrir þing ASÍ, að fyrir sumarleyfi miðstjórnar í júní liggi fyrir rammi varðandi efnistöð og umfjöllun um þau málafni sem miðstjórn undirbýr fyrir þingið, sem sendur er út til aðildarsamtakanna.

Hjálagt fylgja eftirfarandi umræðuskjal og tillögur:

**Samfélag fyrir alla** - Jöfnuður og jöfn tækifæri.

**Tillögur um breytingar á lögum ASÍ.**

Framangreind skjöl eru einnig á [heimasíðu ASÍ](#) undir „41. þing ASÍ 2014“.

Við undirbúning þingsins og skipulagningu á þinginu sjálfu er lögð áhersla á að virka þátttöku þingfulltrúa í málefnavinnunni og ákvarðanatöku. Auk nefndastarfs er gert ráð fyrir að allir þingfulltrúar taki þátt í þremur málstofum. Í tveimur þeirra verði fjallað um hvað þurfi til þess að skapa samfélag fyrir alla, annars vegar hvernig við sköpum verðmætin og hins vegar hvernig við tryggjum velferðina. Í þriðju málstofunni verði til umfjöllunar skipulag og samskipti á vinnumarkaði og hlutverk verkalýðshreyfingarinnar. Þá verður laganefnd starfandi á þinginu. Unnið er að því að setja upp sérstaka heimasíða vegna þingsins.

Drög að dagskrá þingsins ásamt nánari upplýsingum um fyrirkomulag í aðdraganda og á þinginu sjálfu verða send út í lok ágúst eða byrjun september nk.

**Málefni fyrir þingið frá aðildarsamtökum ASÍ**

Við viljum nota tækifærið til að minna á 24. gr. laga ASÍ þar sem segir m.a.:

*„Mál þau og tillögur sem einstök aðildarsamtök óska að tekin verði fyrir á þinginu, skal senda miðstjórn 1 mánuði fyrir sambandsþing. Skal miðstjórn leggja mál þau og tillögur fyrir þingið, ásamt umsögn sinni.“*

**Hagnýt atriði**

Um flug vegna þingsins gilda sömu reglur og áður, þ.e. að formenn viðkomandi aðildarfélaga hafa heimild til að panta á reikning ASÍ flug vegna þingfulltrúa viðkomandi félags.

Um greiðslu kostnaðar vegna ferða þingfulltrúa fer að öðru leyti samkvæmt [REGLUGERÐ UM GREIÐSLU FERÐAKOSTNAÐAR ÞINGFULLTRÚA OG VEGNA FORMANNAFUNDA](#). Reglugerðin er á vef ASÍ

Hvað varðar gistingu fyrir þingfulltrúa sem koma utan af landi er mikilvægt fyrir aðildarfélögin að ganga frá þeim þætti frekar fyrr en síðar. Af hálfu Alþýðusambandsins verður óskað tilboða frá nokkrum hótélum um verð á gistingu fyrir þau aðildarfélög sem vilja nýta sér það.

Þá er rétt að benda á að oft er hægt að fá hagstæð tilboð á hótलगistingu á vefnum. Benda má á slóðirnar: <http://www.dohop.is>, og <http://www.hotels.com>.

Frekari upplýsingar um þau hagnýtu atriði sem hér hafa verið nefnd verða sendar til aðildarfélaganna í september n.k. ásamt frekari gögnum.

**Frekari upplýsingar – gögn á vefnum**

Á [heimsíðu ASÍ](#) má nálgast meðfylgjandi gögn. Þar verða einnig birtar frekari upplýsingar um þingið. Þá er í undirbúningi sérstök heimasíða vegna þingsins sem kynnt verður síðar.

Virðingarfyllst,



Halldór Grönvold,  
aðstoðarframkvæmdastjóri ASÍ

Hjálagt fylgja:

- **Samfélag fyrir alla** - Jöfnuður og jöfn tækifæri. Umræðuskjal til undirbúnings 41. þings ASÍ 22. - 24. október 2014
- Tillögur um breytingar á lögum ASÍ